



Fundur í Skólaráði Víkurskóla

13. maí 2026 klukkan 14:00

Mættir eru:

Elín Einarsdóttir, skólastjóri, Salóme Svandís Þórhildardóttir og Sif Hauksdóttir, fulltrúar kennara, Berglind Másdóttir fulltrúi starfsmanna, Margrét fulltrúi foreldra. Fulltrúar nemanda voru uppteknir við önnur verkefni.

Elín Einarsdóttir, skólastjóri, stýrði fundinum.

Dagskrá:

• Starfsnánægjukönnun (Skólapúlsinn)

- Víkurskóli kemur almennt mjög vel út í starfsanda, stjórnun, stuðningi, mannrækt og skipulagi starfsins. Helstu tækifærið til úrbóta felast í að efla trú kennara á eigin getu og að stuðla að betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

• Endurnýjun á bókasafni

- Unnið er að endurnýjun bókasafns skólans. Kveikjan að verkefninu var að Víkurskóli leigði kvikmyndaveri hluta húsnæðisins síðastliðið sumar og fékk ágætis tekjur af því. Ákveðið var að nýta fjármagnið til endurbóta á bókasafninu. Hugmyndir og ráðgjöf hafa komið frá þjónustumiðstöð bókasafna og Pennanum. Ákveðið var að vinna með þjónustumiðstöð bókasafna og var Lísa bókasafnsfræðingur Víkurskóla einnig til ráðgjafar. Í þessari lotu var ákveðið að kaupa hillur, gólfefni og mála.

• Hönnun á viðbyggingu/breytingum á Víkurskóla

- Elín kynnt fyrirhugaðar breytingar á skólanum. VA arkitektar hafa lagt fyrir þrjár tillögu að hönnun sem nú liggja fyrir og voru þær kynntar á fundinum.

• Viðburður á vegum Skólaráðs haustið 2026

- Elín lagði fram tillögu um að fá Helga S. Karlsson, atferlisfræðing til að halda fyrirlestur fyrir foreldra á vegum Skólaráðs haustið 2026

• Önnur mál

- Hugmynd kom fram um að kynna tillögurnar að breytingum á skólanum fyrir foreldrafélagi Víkruksóla.
- Mennta- og barnamálaráðherra heimsótti skólann nýlega. Nemendur kynntu meðal annars Erasmusverkefni skólans fyrir henni. Fram kom að 40 ár séu síðan Menntamálaráðherra heimsótti skólann síðast.

Fundinum var slitið 14:40

Fundargerð rituð af Sif Hauksdóttur